




Langabrekka 15

Byggingarleyfisumsókn

Dags. 10. nóvember 2025


Minnisblað

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 10. október 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Vigfúsar Halldórssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 15 við Löngubrekku var vísað til skipulagsfulltrúa. Sótt er um að breyta núverandi geymslu innan bílskúrs í vinnustofu með baðherbergi.



Mynd 1. Teikningar sem fylgdu erindi byggingarfulltrúa dags. 10. október 2025.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Vigfúsar Halldórssonar arkitekts dags 12. mars 2025 f.h. lóðarinnar nr. 15 við Löngubrekku um að breyta núverandi geymslu í bílskýli í vinnustofu með baðherbergi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 2. Teikningar sem fylgdu fyrirspurn hönnuðar f.h. lóðarhafa dags. 12. mars 2025.



Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. maí 2025 var fyrirspurnin lögð fram að nýju. Afgreiðsla erindisins var eftirfarandi:

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2025 eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

Eftir að hafa borið saman innsendar teikningar sem fylgdu erindi byggingarfulltrúa frá 10. október sl. við hjálagðar teikningar fyrirspurnarinnar sem barst 12. mars 2025, er um sömu breytingar að ræða. Þ.a.l. samþykkir skipulagsfulltrúi að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Álfhólsvegi 51, 53 og 55 sem og Löngubrekku 13, 17 og 19.

F.h. skipulagsfulltrúa
Freyr Snorrason
Verkefnastjóri

